GAMLA BÍÓ

Hollywood-revyan.

Talmynd: Söngur, dans og hljóðfæraslátt ur.



Skrautlegasta revyu-kvikmynd, sem gerð hefir verið, með þátttöku glæsilegustu leikara heimsins.

25 „stjörnur". — 200 dansmeyjar.
100 manna orkestur.

Kvikmyndin er tekin af METRO-GOLDWYN-MAYER.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg — 1930.

Landsbókasafn

Þátttakendur í Hollywood-revyen:

John Gilbert	**Anita Page**	**Karl Dane**
Norma Shearer	**Marion Davies**	**George K. Arthur**
Joan Crawford	**Brox Sisters**	**Gwen Lee**
Bessie Love	**Buster Keaton**	**William Haines**
Ukulele Ike	**Charles King**	**Nattova**
Stan Laurel	**Polly Moran**	og félagar hennar.
Oliver Hardy	**Gus Edwards**	

Albertina Rasch dansflokkurinn.

Auk framannefndra listamanna taka þátt í kvikmyndinni:

Conrad Nagel og Jack Benny

Leikstjórn: *Charles F. Riesner.*

Dansstjóri: *Sammy Lee.*

Orkesterstjóri: *Arthur Lange.*

Hljóðmyndasérfræðingar:
Douglas Shearer og *Russell Franks.*

Kerfi: VESTERN ELECTRIC.

Hollywood-revyan.

Fyrsti kafli.

1. SÖNGHÖLLIN. Aðalflokkurinnn. Söngur. Dans. Handbumbur.

2. JOAN CRAWFORD syngur *„I got a feelin' for you"*.

3. *Samsteypulög:* Gömul blökkumannalög.

4. *Miss Purcell* og kórið syngur og dansar *„Low down rhytm"*.

5. *Conrad Nagel* kynnir Charles King, sem syngur *„Your mother and mine"* (Móðir þín og móðir mín). Charles King aumkar sig yfir Conrad Nagel, af því nýju hljóðmyndirnar hafi gert haun atvinnulausan. „Þið kvikmyndaleikarar getið ekki sungið", segir King. Conrad Nagel svarar hóglega: „Við gætum það sjálfsagt, ef við værum til neyddir — og þegar Anita Page kemur inn á sviðið í þeim svifum syngur hann: „You were meant for me", en King hlustar á undrandi).

6. *Jack Benny* kynnir *Cliff Edwards*, sem auknefndur er Ukelele Ike. Hann syngur: *Nobody but you.*

7. *Jack Benny* leikur á fiðlu, en *Karle Dane og George K. Arthur* skerast í leikinn.

8. »HAMINGJUSAMA FJÖLSKYLDAN«. Skopsamtal: *Jack Benny og William Haines.*

9. *Bessie Love* syngur: *„I wonder what's wrong with me"*, vísa um það hve alt er breytingunum undirorpið í kvikmyndaheiminum. Hún verður að syngja, spila og dansa, þótt hún hafi aldrei lagt slíkt fyrir sig áður.

10. EG ER DROTTNINGIN. Skopstæling (Parodi): *Marie Dressler, Polly Moran* og kórið.

11. TÖFRAMENNIRNIR. — *Stan Laurel* (Gög) og *Oliver Hardy* (Gokke) leika töframennina.

12. HERSÝNING. (Tommy Atkins Parade). *Marion Davies* og hermannakór.

13. STRIKE UP THE BAND. *Brox Sisters* og M.G.M.-flokkurinn.

HLÉ

Hljóðfæraslátturr.

Hollywood-revyan.

Annar kafli.

14. GIMSTEINARNIR. *James Burrows* syngur »Gimsteinn hjarta míns«. Fegurstu dansmeyjarnar eru persónugerfingar gimsteinanna. Stór og fögur skel opnast og fegursti gimsteinninn kemur í ljós — fegursta dansmærin.

15. Í RÍKI NEPTÚNS. Skelin sekkur á hafsbotn. Hafguðinn býður hina fögru dóttur sína velkomna. Skelin opnast — og

16. *Buster Keaton* gengur út. Hann dansar skopdans, eftirlíkingu á Austurlandadansi — uns hafmeyjarnar verða óttaslegnar og flýja.

17. NATACHA NATTOVA og félagar hennar. (Aflraunadans).

18. ROMEO OG JULIA. »Á svölunum« — fyrr á tímum — og nú.
    Romeo . . . . . *John Gilbert.*
    Julia . . . . . *Norma Shearer.*
    Leikstjórinn . . . . . *Lionel Barrymore.*

19. ÚRKOMAN. *Cliff Edwards* (Ukulele Ike) og kórið syngur *„Singing in the Rain“.*

20. CLIFF EDWARDS, GUS EDWARDS OG CHARLES KING. *Skopsýning.*

21. ÞEGAR GULLEPLALUNDURINN BLÓMGAR. *Charles King* syngur *„Orange Blossom Time“.*

22. ALBERTINA RASCH BALLETTINN.

23. REGNBOGINN. Lokaskrautsýning með þátttöku allra leikendanna.